ORKUSTOFNUN

Orkugarður • Grensásvegur 9 • 108 Reykjavík
Sími: 569 6000 • os@os.is • www.os.is

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26.6.2018
Tilvísun: OS2018060002/10.5
Verknúmer: *412-3120*

**Efni: Uppgjör tekjumarka fyrir árið 2017**

Orkustofnun setti Landsneti tekjumörk fyrir árin 2016 – 2020 með bréfi dags. 9. maí 2017. Ákvörðun um leyfða arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna fyrir árið 2017 lá fyrir með bréf dags. 29. apríl 2016, en grunnvextir í bandaríkjadölum voru leiðréttir fyrir árið 2017 með bréfi dags. 29.3.2017.

Orkustofnun hefur nú lokið uppgjöri tekjumarka Landsnets fyrir árið 2017, á grundvelli 6. mgr. 12. gr. raforkulaga og eru uppgerð tekjumörk ásamt tekjum sem hér segir:

**Tekjur:**

| | Alm. notendur í þús. kr. | Stórnotendur í þús. kr. | Samtals í þús. kr. |
|---|---|---|---|
| Flutningstekjur | 5.065.976 | 7.465.121 | 12.531.097 |
| Þjónustutekjur | 24.348 | 35.095 | 59.443 |
| Aðrar tekjur | 48.274 | 61.442 | 109.715 |
| **Samtals tekjur** | **5.138.597** | **7.561.658** | **12.700.255** |

**Gjöld:**

| | Alm. notendur í þús. kr. | Stórnotendur í þús. kr. | Samtals í þús. kr. |
|---|---|---|---|
| Rekstrarkostnaður | 1.431.155 | 1.821.550 | 3.252.704 |
| Viðbótarrekstrarkostnaður | 56.930 | 72.459 | 129.389 |
| Afskriftir | 1.516.478 | 2.394.586 | 3.911.064 |
| Arður | 2.060.430 | 3.927.951 | 5.988.381 |
| **Samtals gjöld** | **5.064.993** | **8.216.546** | **13.281.539** |

| | Alm. notendur í þús. kr. | Stórnotendur í þús. kr. |
|---|---|---|
| Mismunur [Tekjur - Gjöld] | 73.605 | -654.888 |
| Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (með skuld frá 2010 - stórnotendur) | -416.552 | 1.950.406 |
| Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%) | -8,2% | 23,7% |
| Greitt upp í skuld | | 43.051 |
| Skuld við stórnotendur (skal greidd til baka að fullu fyrir lok árs 2020) | | 1.128.751 |
| **Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur færðar á milli ára** | **-416.552** | **821.655** |
| **Uppsafnaðar vanteknar/ofteknar tekjur (%)** | **-8,2%** | **10,0%** |

Tekjuheimildir Landsnets á árinu 2017 eru ofnýttar kr. 73.605 þús.kr. fyrir almenna notendur og vannýttar, kr. -654.888 þús.kr. fyrir stórnotendur. Uppsafnaðar tekjuheimildir Landsnets í árslok 2017 eru vannýttar, kr. -416.552 þús.kr. fyrir almenna notendur eða -8,2% og ofnýttar kr. 1.950.406 þús.kr., eða 23,7% fyrir stórnotendur. Fyrir almenna notendur er Landsneti heimilt að flytja þessar 416.552 þús.kr. vannýttu tekjur yfir á uppgjörsárið 2018 sbr. 7.mgr. 12. gr. raforkulaga.

Sé tekið tillit til skuldar við stórnotendur sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum, eru uppsafnaðar ofteknar tekjur Landsnets nú 10,0% af tekjumörkum fyrir stórnotendur árið 2017 sem er í samræmi við 7. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Staða skuldar hefur lækkað um 43.051 þús.kr. frá uppgjöri tekjumarka ársins 2016.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 og varða gjaldskrármál eða starfssemi sérleyfisfyrirtækja eru kæranlegar til úrskurðanefndar raforkumála. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Silja Rán Sigurðardóttir

Sigurður H. Magnússon